



Tillaga um að Norðurstígur og Nýlendugata austan Ægisgötu verði vistgötur

Lagt er til að skipulags- og samgönguráð samþykki að eftirfarandi götur verði vistgötur:

- Norðurstígur
- Nýlendugata, austan Ægisgötu

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Vinna er í gangi við að endurnýja lagnir og yfirborð Norðurstígar og þess hluta Nýlendugötu sem liggur næst Norðurstíg. Þar sem mjög stutt er á milli húsa í götunum og vélknúin umferð nánast bundin við umferð sem á erindi í hús við göturnar var hönnun þeirra í samræmi við að um vistgötur væri að ræða.



Í samræmi við 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir hönd skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Ráðgjafaverkfræðingur